





## Efnisyfirlit

Stjórnskipurit RARIK	4
Formáli	5
Rekstraryfirlit	8
Ársfundur 2003	9
Fjármál	10
Orkuviðskipti	12
Nýjar veitur keyptar	15
Framkvæmdir	16
Handbók og öryggismál	18
Sunnlensk orka	20
Héraðsvötn	20
Fjarðarselsvirkjun 90 ára	21
RARIK til sýnis að Skógum	21
Starfsmannamál	22
Ársreikningur	23
Áritun stjórnenda	24
Áritun endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymi	28
Skýringar	29
English summary	35
Umdæmaskipting	37
Skammstafanir	37



# Stjórnskipurit RARIK 2003



Stjórn RARIK fram að ársfundi 2003 var þannig skipuð:

Sveinn Þórarinnsson formaður  
Benóný Arnórsson  
Einar Oddur Kristjánsson  
Ingibjörg Sigmundsdóttir  
Pálmi Jónsson  
Sveinn Invarsson

Á ársfundinum urðu þær breytingar að þeir Einar Oddur Kristjánsson og Pálmi Jónsson gengu úr stjórn en í þeirra stað komu Arnbjörg Sveinsdóttir og Guðjón Guðmundsson.

Ný stjórn RARIK 2003-2004 er þannig skipuð:

Sveinn Þórarinnsson formaður  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Benóný Arnórsson  
Guðjón Guðmundsson  
Ingibjörg Sigmundsdóttir  
Stefán Guðmundsson  
Sveinn Ingvarsson.



## Tímamót í sögu Rafmagnsveitna ríkisins

I.

Árið 2003 markaði nokkur tímamót í sögu Rafmagnsveitna ríkisins. Breytt umhverfi raforkumála er að taka á sig mynd og unnið var að verulegum skipulagsbreytingum hjá fyrirtækinu. Reksturinn var í jafnvægi, enda jukust rekstrartekjur og rekstrargjöld hlutfallslega álíka mikið, eða um 2%. Hins vegar olli óhagstæð þróun fjármagnsliða því að 114 mkr. tap varð á rekstri fyrirtækisins. Fjárfestingar ársins jukust um tæp 30% frá fyrra ári, sem sýnir vaxandi umsvif. Munar þar verulega um kaup fyrirtækisins á Hitaveitu Dalabyggðar en dreifikerfi hennar var keypt í lok ársins fyrir 145 mkr. Þar með bætist fjórða hitaveitan í rekstur RARIK og önnur jarðhitaveitan. Hitaveitustarfsemi er orðin umtalsverður þáttur í rekstri fyrirtækisins og mikilvægur vaxtarbroddur í framtíðaráformum þess. Þá keypti fyrirtækið rafdreifikerfið í Húsafelli í Borgarfirði og gerði jafnframt samning um kaup á raforku frá virkjunaraðila þar. Vill RARIK hér með bjóða hina nýju viðskiptavinum sína velkomna.



Tryggvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri.

Á árinu 2003 tóku ný raforkulög gildi. Með tilkomu þeirra verða verulegar breytingar í rekstrarumhverfi orkuveitna, enda er að því stefnt að koma á samkeppni í raforkuvinnslu og sölu á raforku. Nokkrum veigamiklum þáttum þessara breytinga var þó frestað og þeir fengnir sérstakri nefnd til úrlausnar, svokallaðri 19 manna nefnd. Nefndinni var ætlað að koma fram með tillögur að frumvörpum til laga, annars vegar um stofnun flutningsfyrirtækis, Landsnets hf., og hins vegar um jöfnun kostnaðar vegna raforkudreifingar í strjálbýli. Frumvörp um þessi efni ásamt nauðsynlegum breytingum á raforkulögum hafa nú verið lögð fram á Alþingi. Segja má að með síðarnefnda frumvarpinu sé tekið með markvissum hætti á máli sem RARIK hefur barist fyrir um langa hríð, enda getur það varla talist eðlilegt að einungis viðskiptavinir RARIK hafi þurft að jafna dreifingarkostnaði raforku í strjálbýli, en fyrirtækið þjónar stærstum hluta þess. Með þessum breytingum öllum sér RARIK loksins fram á það að rekstrarumhverfi fyrirtækisins verði sambærilegt við það sem gerist hjá öðrum orkuveitum og að gjald fyrir raforkudreifingu geti þar af leiðandi einnig orðið sambærilegt.

**Á árinu 2003 tóku ný raforkulög gildi. Með tilkomu þeirra verða verulegar breytingar í rekstrarumhverfi orkuveitna, enda er að því stefnt að koma á samkeppni í raforkuvinnslu og sölu á raforku.**

RARIK telur það galla á hinum nýju raforkulögum ef ekki verður gert ráð fyrir því að stofnaður verði einhvers konar raforkumarkaður eða markaðstorg, þar sem verðmyndun raforkunnar fer fram. Slíkur markaður stuðlar að aukinni skilvirkni og réttari verðmyndun á raforku, þar sem tilboð framleiðenda og kaupenda vegast á til að ákvarða verð sem viðskipti næsta dags miðast við, með hliðstæðum hætti og gerist á gjald-eyrismarkaði þar sem framboð og eftirspurn ákvarða verð. Fyrirtæki sem hafa bæði framleiðslu- og sölustarfsemi með höndum verða að nota það verð í innri viðskiptum þeirra á milli til að koma í veg fyrir hugsanlega mismunun á markaðnum. Þannig sitja allir seljendur á markaðnum við sama borð, aðgangsfrelsi ríkir og nýir framleiðendur vita að hverju þeir ganga.



**Það er sérhverju fyrirtæki nauðsynlegt að geta gefið starfsmönnum sínum færi á að nýta krafta sína í ögrandi verkefnum og afla nýrrar reynslu og þekkingar til hagsbóta fyrir fyrirtækið þegar til lengri tíma er litið.**

Samkvæmt hinu nýja frumvarpi til laga um Landsnet hf. mun RARIK þurfa að selja eða leigja hinu nýja fyrirtæki þau flutningsvirki sín sem eru á 66 kV og 132 kV spennu. Við það munu umsvif fyrirtækisins dragast saman sem því nemur. Hins vegar er stefnt að því að vinnuflokkar fyrirtækisins muni áfram sjá um viðhalds- og þjónustuverkefni fyrir flutningskerfið með þjónustusamningi við Landsnet hf.

Vegna hinna nýju raforkulaga var óhjákvæmilegt að taka skipulag fyrirtækisins til gagnerrar endurskoðunar. Sú vinna hófst á fyrri hluta ársins með aðstoð sérfræðinga frá IBM Business Consulting Services ehf. og nýtt skipulag tók gildi hinn 1. janúar sl. Mikil vinna var lögð á herðar starfsmanna, einkum á síðustu stigum, til að hið nýja skipulag gæti tekið gildi á tilsettum tíma. Við skipulagsbreytinguna þurfti einkum að greina þann rekstur innan fyrirtækisins, sem hefur samkeppnisstarfsemi með höndum, frá hinum, sem starfar á grundvelli einkaleyfis. Í því skyni voru stofnaðar óháðar afkomueiningar um orkuvinnslu, orkudreifingu og orkusölu sem fá þjónustu frá sameiginlegum stoðeildum, þ.e. yfirlýstjórn, fjármálasviði, þróunarsviði og rekstrar- og þjónustusviði. Ekki þurfti að segja upp eða flytja starfsmenn til vegna breytinganna. Með þessari skipulagslausn er kröfum raforkulaganna fullnægt og fyrirtækið getur áfram nýtt sér hagkvæmni stærðarinnar. Ástæða er til að þakka starfsmönnum RARIK fyrir jákvæða afstöðu og þátttöku í þessum skipulagsbreytingum.

### II.

Það hefur lengi verið kappsmál RARIK að rekstrarformi fyrirtækisins verði breytt í hlutafélag. Sú breyting myndi m.a. skapa fyrirtækinu aukið svigrúm til þátttöku í viðtækari verkefnum en það hefur nú með höndum og þar með virkja hæfileika og þekkingu starfsmanna betur en nú er hægt. Það er sérhverju fyrirtæki nauðsynlegt að geta gefið starfsmönnum sínum færi á að nýta krafta sína í ögrandi verkefnum og afla nýrrar reynslu og þekkingar til hagsbóta fyrir fyrirtækið þegar til lengri tíma er litið. Nú, þegar markaðsvæðing hefur hafið innreið sína á raforkumarkaði, verður að tryggja RARIK sömu tækifæri í þessum efnum og þau orkufyrirtæki búa við sem þegar hafa tekið upp breytt rekstrarform. Það rekstrarform, sem fyrirtækið býr nú við, takmarkar mjög möguleika þess til að mæta með skjótum og skilvirkum hætti breyttum aðstæðum á markaði.

### III.

Á árinu var Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. og Rafteikningu hf. falið að vinna skýrslu um verkhönnun á stækkun Lagarfossvirkjunar, í ljósi þeirrar aukningar í rennsli fljótsins sem verður við tilkomu Kárahnjúkavirkjunar. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að hér er um verulega hagkvæman virkjunarkost að ræða. Gert er ráð fyrir að stækkunin verði um 18 MW, þannig að uppsett afl virkjunarinnar verði um 26 MW.

Þá var haldið áfram athugun á allt að 10 MW virkjun á vegum Sunnlenskrar orku ehf. í Ölfusdal við Hveragerði, sem einnig virðist hagkvæmur virkjunarkostur. Einnig var áfram unnið að athugun á virkjun á vegum Héraðsvatna ehf. við Villinganes í Skagafirði, svo og við frumhönnun við Hólmsá og Skaftá í V.-Skaftafellssýslu.



### IV.


Á árinu 2004 er minnst aldarafmælis rafvæðingar á Íslandi. Það var í desember 1904 sem Jóhannes Reykdal athafnamaður tók í notkun rafstöð í Hamarskotslæk fyrir trésmiðju sína og ljós voru kveikt í 15 húsum í Hafnarfirði, auk trésmiðjunnar. Þetta er stundum nefndur fyrsti vísir að rafveitu á Íslandi. Austur á Seyðisfirði, sem þá var einn af stærri kaupstöðum landsins, voru menn farnir að huga að virkjun Fjarðarár. Framkvæmdir hófust árið 1913 og lauk þeim að fullu þá um haustið. Stöðvarhúsið var reist í Fjarðarhvammi, fallegu dalverpi fyrir neðan árgljúfrið og stífla var reist ofan við Fjarðarsel, 400 metra uppi í gilinu. Fjarðarselvirakjun var fyrsta riðstraumsvirkjun landsins og var 90 ára afmæli hennar fagnað 18. október 2003. Í Fjarðarseli er nú rafminjasafn, en rafstöðin framleiðir enn orku.

Fjarðarselvirakjun var fyrsta riðstraumsvirkjun landsins og var 90 ára afmæli hennar fagnað þann 18. október 2003. Í Fjarðarseli er nú rafminjasafn, en rafstöðin framleiðir enn orku.

### V.


Undir lok ársins 2003 lét Kristján Jónsson af störfum sem rafmagnsveitustjóri, eftir 27 ára gífturíkan feril hjá RARIK. Kristján hefur notið bæði virðingar og velvildar meðal starfsmanna og átt einstaklega góð samskipti við þá alla tíð. Undir stjórn hans hefur fyrirtækið gengið í gegnum mikið breytinga- og framfaraskeið og meðal stórra verkefna má nefna hringtengingu raforkukerfisins með Byggðalínu, en RARIK annaðist þá framkvæmd að mestu leyti. Kristján er fæddur 1939 og lauk prófi í raforkuverkfræði í München 1966 og starfaði að loknu námi sem verkfræðingur í Sviss fram til ársins 1968 er hann hóf störf hjá Smith & Norland í Reykjavík. Kristján starfaði frá 1971 sem deildarverkfræðingur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur þar til hann tók við starfi rafmagnsveitustjóra ríkisins 1. október 1976. Kristjáni eru færðar bestu þakkir fyrir störf sín hjá RARIK.

  
Trygvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri





# Rekstraryfirlit

## Rekstraryfirlit 2003



## Rekstrargjöld 6.032 milljónir króna



## Rekstrartekjur og tap 6.032 milljónir króna





## Ársfundur RARIK 2003

Á ársfundi RARIK, sem haldinn var á Egilsstöðum fimmtudaginn 22. maí 2003, var fjallað um rekstur fyrirtækisins á liðnu ári, stöðu þess og horfur til framtíðar. Á fundinum var gerð ítarleg grein fyrir afkomu ársins 2002 og helstu þáttum í starfseminni.

Valgerður Sværisdóttir iðnaðarráðherra ávarpaði fundinn og kynnti skipan nýrrar stjórnar. Í ávarpi sínu lagði hún áherslu á áhrif nýrra orkulaga og hvatti starfsmenn og stjórnendur RARIK til að líta á þær breytingar sem tækifæri fremur en ógnun.

Sveinn Þórarinsson stjórnarformaður gerði að umtalsefni áhrif nýsamþykkttra raforkulaga á fyrirtækið og viðskiptavinum þess og áréttaði að enn ætti eftir að útkljá fyrirkomulag raforkuflutninga og verðjöfnunar í flutningi og dreifingu raforku.



Pálmi Jónsson, fyrrum formaður stjórnar RARIK, á ársfundinum 2003.

### Orkuvinnsla vatnsaflsstöðva

		2002	2003	'02 - '03
	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh	Orkuvinnsla MWh	Aukning orkuvinnslu
Rjúkandavirkjun	840	7.943	8.149	2,6%
Laxárvatnsvirkjun	480	2.803	2.595	-7,4%
Gönguskarðsárvirkjun	1.064	8.310	7.624	-8,3%
Skeiðsfossvirkjun	4.800	25.049	18.458	-26,3%
Garðsárvirkjun	174	737	956	29,7%
Lagarfossvirkjun	7.500	59.778	58.909	-1,5%
Fjarðarselsvirkjun	160	0	0	
Grímsárvirkjun	2.800	20.544	20.081	-2,3%
Smyrlabjargaárvirkjun	1.000	10.681	10.579	-1,0%
<b>Alls</b>	<b>18.818</b>	<b>135.845</b>	<b>127.351</b>	<b>-6,3%</b>

### Orkuvinnsla varmaflsstöðva

		2002	2003	'02 - '03
	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh	Orkuvinnsla MWh	Aukning orkuvinnslu
Vesturland	6.418	87	98	12,6%
Norðurland vestra	4.960	39	87	123,1%
Norðurland eystra	5.856	767	817	6,5%
Austurland	20.604	385	150	-61,0%
Suðurland	2.237	27	27	0,0%
<b>Alls</b>	<b>40.075</b>	<b>1.305</b>	<b>1.179</b>	<b>-9,7%</b>

### Orkuvinnsla jarðhita

		2002	2003	'02 - '03
	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh	Orkuvinnsla MWh	Aukning orkuvinnslu
Skútudalur Siglufirði	6.600	26.056	23.750	-8,9%
<b>Alls</b>	<b>6.600</b>	<b>26.056</b>	<b>23.750</b>	<b>-8,9%</b>



Myndin er úr dælustöð hitaveitunnar í Búðardal sem RARIK keypti á árinu.

Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri flutti skýrslu um starfsemi liðins árs og fjallaði ítarlega um þau miklu áhrif sem ný raforkulög hefðu á rekstur fyrirtækisins. Hann gerði í upphafi máls síns sérstaklega að umtalsefni hið mikla vægi sem Austurland hefur haft í starfsemi fyrirtækisins og rakti stuttlega sögu rafvæðingar í fjórðungnum. Þá gat hann þess að enn væri margt óvíst um áhrif hinna nýju raforkulaga þar sem enn vantaði að leysa úr einum þýðingarmesta þætti breytinganna sem er fyrirkomulag og útfærsla á raforkuflutningum um landið og stofnun sérstaks fyrirtækis um rekstur meginflutningskerfisins. Það viðfangsefni verður falið 19 manna nefnd sem auk þess skal undirbúa frumvarp um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku. Með því frumvarpi hyllir undir lausn á málefni, sem verið hefur mikið baráttumál fyrirtækisins um langan aldur. Með samþykki þess munu allir landsmenn taka þátt í jöfnun kostnaðar við að flytja og dreifa raforku um landsins strjálu byggðir en ekki einvörðungu íbúar á orkuveitusvæðum RARIK og OV. Að síðustu hvatti Kristján stjórnálamenn og aðra þá sem bera hag landsbyggðar fyrir brjósti til að standa dyggan vörð um fyrirtækið í þeim harða heimi aukinnar samkeppni sem framundan er svo landsbyggðin beri þar ekki skarðan hlut frá borði. Þá minnti hann á að enn væri ósamþykkt frá Alþingi frumvarp til laga um að breyta rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag.

Að lokum hélt Gunnar Vignisson, verkefnisstjóri hjá Þróunarstofu Austurlands, fróðlegt erindi sem hann nefndi „Auðlindin Austurland - ný framtíðarsýn á traustum grunni fjárfestinga og framþróunar atvinnulífs.“

Á ársfundinum urðu þær breytingar að þeir Einar Oddur Kristjánsson og Pálmi Jónsson gengu úr stjórn en í þeirra stað komu Arnbjörg Sveinsdóttir og Guðjón Guðmundsson. Pálmi lauk þar með nærri þriggja áratuga löngum og farsælum ferli sem stjórnarmaður og um hríð stjórnarformaður RARIK og voru honum færðar sérstakar þakkir á fundinum.


Ný stjórn RARIK 2003-2004 er þannig skipuð: Sveinn Þórarinnsson formaður, Arnbjörg Sveinsdóttir, Benóný Arnórsson, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Stefán Guðmundsson og Sveinn Ingvarsson.

## Fjármál

Starfsemi RARIK gekk á margan hátt vel á árinu 2003. Afkoman á árinu var þó lakari en á árinu 2002 sem helgast aðallega af óhagstæðari þróun fjármagnsliða. Rekstrartekjur á árinu 2003 námu 5.918 mkr. á móti 5.818 mkr. á árinu 2002 og jukust því um 1,7% milli ára. Rekstrargjöld hækkðu hins vegar nokkru meira en tekjurnar eða úr 4.638 mkr. í 4.753 mkr. á árinu 2003, sem er 2,5% hækkun milli ára. Framlegð rekstrarins, það er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti, lækkaði því úr 1.180 mkr. í 1.165 mkr. á árinu 2003 eða um 1,3% milli ára.

Afskriftir á árinu 2003 námu 1.086 mkr. sem er nokkru lægri fjárhæð en á síðasta ári en afskriftir á árinu 2002 námu 1.156 mkr. Meginskýringin á þessari lækkun afskrifta er sú að á árinu 2002 var gert sérstakt átak í að taka út úr eignagrunni bæði stofnlínur og dreifilínur sem ekki voru lengur í notkun.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam liðlega 78 mkr. á árinu 2003 samanborið við tæpar 24 mkr. á árinu 2002. Hrein fjármagnsgjöld breytast mjög mikið milli ára. Á árinu 2002 var þessi fjárhæð jákvæð um tæpar 86 mkr. samanborið við liðlega 192 mkr. neikvæða fjárhæð á árinu 2003. Þetta er



- Virkjanir
- Aðalorkuveitur
- Dreifiveitur
- Veltufjármunir
- Rekstrarfjármunir
- Aðrar eignir

óhagstæð sveifla upp á um 278 mkr. milli ára sem skýrir afkomubreytingu fyrirtækisins í heild. Niðurstaða rekstrarreiknings 2003 er því nokkru lakari en á árinu 2002 eða tap að fjárhæð 114 mkr. samanborið við 110 mkr. hagnað á árinu 2002.


Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé 10.527 mkr. í árslok 2003 og er eiginfjárlutfallið 68%. Heildareignir í árslok 2003 námu 15.528 mkr. á móti 15.344 mkr. í árslok 2002. Undir liðinn óefnislegar eignir flokkast keypt viðskiptavild sem færð er til gjalda á tíu árum og langtímakostnaður sem færður er til gjalda á fjórum árum. Bókfært verð viðskiptavildar og langtímakostnaðar í árslok var 130 mkr.

Reikningskilaaðferð var breytt á árinu 2002 en þá var endurmati varanlegra rekstrarfjármuna hætt. Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2003 eru því ekki endurmetnir. Bókfært verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2003 er bókfært verð þeirra í árslok 2002 að viðbættum fjárfestingum á árinu 2003 og að frádregnum afskriftum ársins og eignum sem eru færðar út vegna sölu. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 13.727 mkr. í árslok 2003 samanborið við 13.599 mkr. í árslok 2002. Bókfært verðmæti hækkar því um 128 mkr. milli ára sem greinist þannig að fjárfestingar námu 1.183 mkr. en á móti námu afskriftir og niðurlagðar eignir 1.033 mkr. og bókfært verð seldra eigna 22 mkr. Varanlegir rekstrarfjármunir eru langstærsti hluti eigna fyrirtækisins eða um 90%.

Áhættufjármunir sem metnir eru á kostnaðarverði námu tæpum 90 mkr. í árslok 2003 og lækkuðu aðeins milli ára en þeir námu um 96 mkr. í árslok 2002. Veltufjármunir, en þeir eru efnisbirgðir, skammtímakröfur og handbært fé, námu samtals 1.582 mkr. í árslok og hækkuðu lítilsháttar frá síðasta ári en í árslok 2002 námu veltufjármunir samtals 1.500 mkr.



Í árslok 2003 voru skammtímaskuldir 1.285 mkr. og hækkuðu á árinu um 280 mkr. Gætir þar einkum áhrifa af kaupum á Hitaveitu Dalabyggðar en rekstur hennar var yfirtekinn á 145 mkr. 1. desember. Veltufjárlutfallið í árslok 2003 er því 1,23 samanborið við 1,49 í árslok 2002. Langtímaskuldir hækkuðu um 237 mkr. á árinu og námu 3.716 mkr. í árslok. Tekið var nýtt langtímalán frá NIB upp á 503 mkr. til fjárfestinga og rekstrar.

Bókfært eigið fé RARIK er 10.527 mkr. í árslok 2003 samanborið við 10.860 mkr. í árslok 2002. Eigið fé hefur því lækkað um 333 mkr. á árinu sem skýrist af því að arður samkvæmt fjárlögum, sem kemur til lækkunar á eigin fé, nemur 219 mkr. og leggst við rekstrartap ársins að fjárhæð 114 mkr.



## Skipting orkusölu eftir töxtum

	GWh	%
Heildsala	186	16%
Hitun	249	21%
Vélar	351	29%
Markmæling	123	10%
Almenn notkun	176	15%
Önnur notkun og tap	104	9%
<b>Samtals</b>	<b>1.189</b>	<b>100%</b>



## Skipting orkusölu eftir meginflokkum

	GWh	%
Smásala raforku	851	72%
Heitt vatn	47	4%
Heildsala	186	16%
Önnur notkun og tap	104	9%
<b>Samtals</b>	<b>1.189</b>	<b>100%</b>

## Orkuviðskipti

Vinnsla í vatnsaflsvirkjunum RARIK var í slakara lagi miðað við undanfarin ár. Vinnslan 2003 liggur þó á meðaltali árána 1992-2002 en síðasta virkjun RARIK, Skeiðsfossvirkjun, kom í fullan rekstur árið 1992. Þó ekki hafi komi til ný framleiðslutæki hjá RARIK lengi hafa stöðugar breytingar verið á orkumarkaðnum hjá fyrirtækinu. Samanburður á orkuöflun og orkusölu fyrirtækisins milli ára er því býsna flókinn síðustu árin.


Árið 2003 er þar engin undantekning og kemur einkum tvennt til. Annars vegar varð mikil aukning á sölu ótryggðrar orku til fiskimjölsverksmiðja og hins vegar varð mikil breyting í heildsölu forgangsorku þar sem formlega var hætt sölu í Vestmannaeyjum. Gerður var samningur milli Landsvirkjunar og RARIK um orkuflutninginn frá Búrfelli til Eyja, en kaup Hitaveitu Suðurnesja þar urðu hluti af heildarsamningi þess fyrirtækis við Landsvirkjun. Þetta hefur mikil áhrif á tölfræðina því forgangsorka til Vestmannaeyja hefur um árabíl verið um 40 GWh. Þessar breytingar höfðu hins vegar engin áhrif á hina miklu sölu RARIK á ótrygðri orku til Vestmannaeyja.

## Orkunotkun á íbúa

	Íbúafjöldi		Orkusala kWh á íbúa	
	2002	2003	2002	2003
Vesturland	9.060	8.990	14.897	14.537
Norðurland vestra	9.210	9.150	13.109	12.591
Norðurland eystra	8.440	8.310	16.296	16.090
Austurland	11.130	11.220	23.284	26.844
Suðurland	11.060	11.090	15.564	15.328
<b>Samtals</b>	<b>48.900</b>	<b>48.760</b>	<b>16.861</b>	<b>17.448</b>

## Orkuflæði RARIK 2003

Eigin framleiðsla	GWh	Aðkeypt	GWh
Vatnsaflsstöðvar raforka	127	Landsvirkjun	998
Varmaaflsstöðvar raforka	2	Andakilsárvirkjun	35
Hitaveita	153	Smávirkanir	3
<b>153</b>		<b>1.036</b>	
<b>1.189 GWh</b>			





## Orkuöflun og -sala

	2002 MWh	%	2003 MWh	%	'02-'03 Aukn.
<b>Aðkeypt raforka</b>	<b>1.005.448</b>	<b>86,0%</b>	<b>1.036.421</b>	<b>87,2%</b>	<b>3,1%</b>
Landsvirkjun forgangsorka	791.151	67,7%	757.391	63,7%	-4,3%
Landsvirkjun ótryggð orka R/O	34.634	2,9%	36.049	3,0%	4,1%
Landsvirkjun ótryggð orka önnur	148.133	12,7%	204.800	17,2%	38,3%
Andakílsárvirkjun	30.385	2,6%	35.386	3,0%	16,5%
Smávirkjanir	1.145	0,1%	2.795	0,3%	144,1%
<b>Eigin vinnsla</b>	<b>163.734</b>	<b>14,0%</b>	<b>152.719</b>	<b>12,8%</b>	<b>-6,7%</b>
Vatnsaflstöðvar raforka	135.845	11,6%	127.351	10,7%	-6,3%
Varmaaflstöðvar raforka	1.305	0,1%	1.179	0,1%	-9,7%
Kyndistöðvar (R/O) heitt vatn	528	0,1%	439	0,0%	-16,9%
Jarðvarmastöðvar (áætlun)	26.056	2,2%	23.750	2,0%	-8,9%
<b>Orkuöflun v/raforkusölu</b>	<b>1.107.964</b>	<b>94,8%</b>	<b>1.128.902</b>	<b>94,9%</b>	<b>1,9%</b>
<b>Orkuöflun v/hitaveitna</b>	<b>61.218</b>	<b>5,2%</b>	<b>60.238</b>	<b>5,1%</b>	<b>-1,6%</b>
<b>Orkuöflun alls</b>	<b>1.169.182</b>	<b>100,0%</b>	<b>1.189.140</b>	<b>100,0%</b>	<b>1,7%</b>
<b>Raforka</b>					
<b>Orkuöflun</b>	<b>1.107.964</b>	<b>100,0%</b>	<b>1.128.902</b>	<b>100,0%</b>	<b>1,9%</b>
Þar af aðkeypt	970.814	87,6%	1.000.372	88,6%	3,0%
Þar af eigin vinnsla	137.150	12,4%	128.530	11,4%	-6,3%
<b>Orkusala</b>	<b>1.033.962</b>	<b>93,3%</b>	<b>1.037.531</b>	<b>91,9%</b>	<b>0,3%</b>
Heildsala	218.900	19,7%	186.173	16,5%	-15,0%
Smásala	815.062	73,6%	851.358	75,4%	4,5%
<b>Tap og eigin notkun</b>	<b>74.002</b>	<b>6,7%</b>	<b>91.371</b>	<b>8,1%</b>	<b>23,5%</b>
<b>Heitt vatn</b>					
<b>Orkuöflun</b>	<b>61.218</b>	<b>100,0%</b>	<b>60.238</b>	<b>100,0%</b>	<b>-1,6%</b>
Þar af aðkeypt	34.634	56,6%	36.049	59,8%	4,1%
Þar af eigin vinnsla	26.584	43,4%	24.189	40,2%	-9,0%
<b>Orkusala</b>	<b>49.308</b>	<b>80,5%</b>	<b>47.284</b>	<b>78,5%</b>	<b>-4,1%</b>
Smásala R/O veitur	27.038	44,1%	26.985	44,8%	-0,2%
Smásala, jarðhitaveitur, áætluð orka	22.270	36,4%	20.299	33,7%	-8,9%
<b>Tap og eigin notkun</b>	<b>11.910</b>	<b>19,5%</b>	<b>12.954</b>	<b>21,5%</b>	<b>8,8%</b>
<b>Orkuviðskipti</b>					
Orkuöflun alls	1.169.182	100,0%	1.189.140	100,0%	1,7%
Orkusala alls	1.083.270	92,7%	1.084.815	91,2%	0,1%
<b>Tap og eigin notkun alls</b>	<b>85.912</b>	<b>7,3%</b>	<b>104.325</b>	<b>8,8%</b>	<b>21,4%</b>



## Starfsemin 2003

Rétt er að vekja sérstaka athygli á tveimur þáttum sem ofangreindar breytingar hafa mikil áhrif á í þeim töflum um orkumarkaðinn sem birtast hér í skýrslunni. Hin mikla aukning á smásölu ótryggðrar orku, sem eðlilega er á mjög lágu verði, er meginástæða þess að meðalverðið í smásölu hækkar aðeins um 0,7% þegar magnaukningin er 3,2%. Brotthvarf heildsölnunnar í Eyjum lækkar bæði orkuöflun og heildsölu, en hefur ekki áhrif á tapið, því orkuflutningurinn er áfram í gangi. Tap eykst því hlutfallslega vegna þessarar breytingar vegna lægri deilitölu.

Landsvirkjun hækkaði gjaldskrá sína um 2% 1. ágúst og í kjölfarið hækkaði gjaldskrá RARIK einnig um 2%. Ekki urðu umtalsverðar breytingar á gjaldskrárforminu á árinu.

### Raforkumásala skipting reikningsfærðrar raforkumásölu eftir töxtum

	2002 MWh	2003 MWh	Aukning 2002-2003	Hlutdeild magns	Meðalverð m/vsk 2002 kr/kWh	Meðalverð m/vsk 2003 kr/kWh	Verð- breyting 2002-2003
Almenn notkun	144.638	145.278	0,4%	17,1%	10,55	10,86	2,9%
Utanhússlýsing	7.546	7.359	-2,5%	0,9%	13,84	14,81	7,0%
Sumarbústaðir	34.631	32.903	-5,0%	3,9%	7,35	7,75	5,5%
Markmæling	136.939	122.427	-10,6%	14,4%	4,54	4,86	7,0%
Aflmæling	191.263	196.881	2,9%	23,1%	7,35	7,48	1,8%
Hitun heimila	149.583	127.730	-14,6%	15,0%	2,58	2,73	5,6%
Næturhitun heimila	828	658	-20,6%	0,1%	1,68	1,67	-0,7%
Rofin daghitun	42.459	43.638	2,8%	5,1%	5,24	5,48	4,5%
Næturhitun	3.385	3.124	-7,7%	0,4%	3,40	3,54	4,0%
Órofin hitun	2.601	143	-94,5%	0,0%	6,61	7,04	6,5%
Ýmsir	110.650	170.633	54,2%	20,1%	2,61	2,40	-8,1%
<b>Samtals</b>	<b>824.525</b>	<b>850.774</b>	<b>3,2%</b>	<b>100,0%</b>	<b>5,87</b>	<b>5,91</b>	<b>0,7%</b>

### Heildsala

	Árið 2002		Árið 2003		'02 - '03
	Selt afl kW	Seld orka MWh	Selt afl kW	Seld orka MWh	Aukning %
<b>Forgangsorka</b>	<b>19.670</b>	<b>152.464</b>	<b>14.979</b>	<b>111.310</b>	<b>-27,0%</b>
Orkuveita Húsavíkur	400	6.983	400	8.241	18,0%
Rafveita Reyðarfjarðar	2.100	13.980	2.100	14.608	4,5%
Hitaveita Suðurnesja (Vestmannaeyjar) *	5.279	42.491	0	0	-100,0%
Selfossveitur bs.	5.041	39.398	5.500	40.906	3,8%
Orkuveita Reykjavíkur (Akranes)	6.450	47.612	6.600	45.657	-4,1%
Sleitustaðavirkjun		17		14	-17,6%
Orkubú Vestfjarða	400	1.983	379	1.884	-5,0%
<b>Ótryggð orka</b>		<b>66.436</b>		<b>74.863</b>	<b>12,7%</b>
Selfossveitur bs.		10.969		10.773	-1,8%
Hitaveita Suðurnesja (Vestmannaeyjar)		54.496		63.146	15,9%
Rafveita Reyðarfjarðar		971		944	-2,8%
<b>Heildsala</b>		<b>218.900</b>		<b>186.173</b>	<b>-15,0%</b>

\* Árið 2003 færðist heildsala forgangsorku yfir til Landsvirkjunar, sem greiðir RARIK fyrir flutninginn samkvæmt sérstökum samningi.



## Nýjar veitur keyptar

Samkomulag tókst á árinu milli RARIK og sveitarstjórnar Dalabyggðar um kaup RARIK á Hitaveitu Dalabyggðar. Kaupverð er 145 mkr. RARIK var fyrir með bækistöð í Búðardal og fjóra starfsmenn en vegna minnkandi verkefna hafði nokkur óvissa ríkt um framhald starfseminnar þar. Kaupin á veitunni styrkja því stöðu bækistöðvarinnar í Búðardal verulega.

Þann 9. desember 2003 voru undirrituð síðustu gögnin vegna kaupanna og RARIK annast rekstur hitaveitunnar frá og með 1. desember 2003. Starfsmenn RARIK í Búðardal munu sjá um daglega umsýslu. Heita vatnið kemur úr Reykjadal og er stofnlögnin til Búðardals um 23 km. Núverandi hámarksafköst eru um 15 l/sek. og viðskiptavinir nokkuð á annað hundrað.

### Heimtaugar og sala

	Raforkusmásla í GWh		Heimtaugafjöldi	
	2002	2003	2002	2003
Vesturland	135	131	4.812	4.988
Norðurland vestra	121	115	4.081	4.115
Norðurland eystra	138	134	3.719	3.764
Austurland	259	301	4.874	4.929
Suðurland	172	170	6.674	7.061
<b>Samtals</b>	<b>825</b>	<b>851</b>	<b>24.160</b>	<b>24.857</b>

### Smásla skipting eftir umdæmum

Rafmagn	2002 MWh	2003 MWh	Aukn. %
Vesturland	134.970	130.684	-3,2%
Norðurland vestra	120.731	115.204	-4,6%
Norðurland eystra	137.538	133.704	-2,8%
Austurland	259.146	301.193	16,2%
Suðurland	172.140	169.989	-1,2%
<b>Reikningsfært</b>	<b>824.525</b>	<b>850.774</b>	<b>3,2%</b>
Óreikningsfært	-9.463	584	
<b>Samtals</b>	<b>815.062</b>	<b>851.358</b>	<b>4,5%</b>

Heitt vatn	2002 MWh	2003 MWh	%
Norðurl. v. jarðhita	23.096	20.299	-12,1%
Austurland R/O	28.742	26.985	-6,1%
<b>Reikningsfært</b>	<b>51.838</b>	<b>47.284</b>	<b>-8,8%</b>
Óreikningsfært	-2.530	0	
<b>Samtals</b>	<b>49.308</b>	<b>47.284</b>	<b>-4,1%</b>

### Dreifikerfi

	Fjöldi aðveitustöðva		Háspennukerfi í km	
	2002	2003	2002	2003
Vesturland	8	8	1.892	1.932
Norðurland vestra	10	10	1.333	1.333
Norðurland eystra	13	13	1.481	1.493
Austurland	23	23	1.644	1.644
Suðurland	12	12	2.192	2.237
<b>Samtals</b>	<b>66</b>	<b>66</b>	<b>8.542</b>	<b>8.639</b>






Í nóvember var ennfremur undirritað samkomulag milli RARIK og Ferðapjónustunnar Húsafelli um kaup RARIK á rafdreifikerfi í Húsafelli. RARIK mun jafnframt taka við orkusölu þar, en heimamenn munu áfram starfrækja virkjanir á staðnum og selja RARIK orkuna. Á Húsafelli hafa heimamenn um árabíl rekið virkjanir ásamt dreifikerfi á staðnum og selt rafmagn til sumarhúsa. Samkomulagið felur í sér tímamótasamninga, þar sem um er að ræða fyrsta samninginn af þessu tagi í hinu nýja umhverfi raforkumála. Gerður var einn samningur um kaup á dreifikerfinu, annar um orkukaup og þriðji samningur um samrekstur, einn fyrir hverja virkjun.

### Framkvæmdir

Á árinu var unnið að undirbúningi að stækkun Lagarfossvirkjunar og lá verkhönnun fyrir í árslok 2003. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar eykst rennsli í Lagarfljóti og munar mestu um það að vetrarrennsli verður meira, en í frostaköflum fór það niður í 10 m<sup>3</sup>/sek. Fyrir tilstuðlan Kárahnjúkavirkjunar verður tryggt vetrarrennsli væntanlega allt að 100 m<sup>3</sup>/sek. Þetta aukna rennsli gefur möguleika á stækkun um 18 MW sem myndi samsvara 130 GWh framleiðslu á ári og er það nær tvöföldun á eigin framleiðslu RARIK.

Almennar framkvæmdir voru með svipuðum hætti og undanfarin ár. Stöðugt er unnið að endurnýjun dreifikerfis með því að leggja jarðstrengi í stað loftlína. Með slíkri endurnýjun vinnst einkum tvennt, minna viðhald vegna veðuráhlaupa og þrífösun um leið. Fjölgun viðskiptavina kemur eins og undanfarin ár mest fram í sumarhúsabyggingum á Vestur- og Suðurlandi, en þar fjölgaði nýtengingum mest.

Með kaupum á dreifikerfum í Búðardal og á Húsafelli eykst umfang veitukerfa á Vesturlandi umtalsvert. Hitaveitan í Búðardal er önnur jarðhitaveitan sem RARIK eignast, hin er á Siglufirði. Á Vesturlandi var annars unnið að reglubundnu eftirliti og varnarviðhaldi. Lagðir voru tæplega 50 km af háspennustreng vegna sveitarstyrkingar- og sumarhúsaverkefna og á móti voru teknir niður 8 km af háspennulínunum. Nýr stofnstrengur var lagður frá Hvanneyri í Borgarnes og háspennustrengur frá Hvítárvöllum að Varmalandi í tengslum við væntanlega



strenglagn að Bifröst. Ný sumarhúshverfi við Refsholt, Straumfjörð og Hvammsskóg í Skorradal voru rafvædd. Lagður var háspennustrengur frá aðveitustöð í Grundarfirði að Vindási í Eyrarsveit vegna endurnýjunar dreifikerfis. Lagður var háspennustrengur frá sumarhúshverfi Fjárhúsatungu að Húsafelli vegna þrífösunar. Nýtt spennistöðvarhús var sett upp við Ennisbraut í Ólafsvík og spennir í tengslum við fiskþurrkun. Ennfremur var settur upp nýr spennir í Mjólkurstöðinni í Búðardal vegna sölu ótryggðrar orku til gufuframleiðslu.

Á Norðurlandi vestra voru lagðir rúmir 16 kílómetrar af háspennujarðstreng sem leysir af hólmi gamlar loftlínur. Samhliða þessum endurbótum voru endurnýjaðar 29 heimtaugar og settar upp tíu nýjar jarðspennistöðvar. Þá voru lagðir háspennujarðstrengir á Sauðárkróki sem leysa meðal annars af hólmi línur frá aðveitustöð að Steinullarverksmiðjunni og Gönguskarðsárirkjun. Endurnýjaðar voru allar raflagnir í Gránugötu á Siglufirði samfara jarðvegsskiptum og malbikun og lokið var við uppsetningu kerfisráðs fyrir hitaveitu Siglufjarðar.

Á Norðurlandi eystra voru lagðir um 43 km af nýjum háspennustrengjum. Lengsti strengurinn var 21,4 km vegna endurnýjunar á línukerfinu í Kelduhverfi, frá aðveitustöðinni Lindarbrekku að Sumarbúðum við Ástjörn. Á þessu svæði var EVJ-lína og var erfitt að fá fullnægjandi jarðskaut. Í kjölfar þessarar framkvæmdar verður haldið áfram að strengvæða að Kópaskeri og verður þá hægt að leggja niður tvo 66 kV úttakpunkta með verulegum sparnaði.

Meðal annarra framkvæmda má nefna að vegna ljósleiðaralagningar fór RARIK í samstarf við Símann um lagningu á strengjum frá Reykjahlíð og upp á Námafjall. Með þessu, ásamt því að Baðfélag Mývatnssveitar keypti heimtaug, var allt línukerfið sunnan Reykjahlíðar endurnýjað með jarðstrengjum. Alls voru um 12 km lagðir í jörð. Álma að Vestmannsvatni og hluti Tjörneslínu ofan Húsavíkur voru sett í jörð vegna truflana. Lagður var strengur vegna nýrrar einkavirkjunar í Ólafsfirði sem hóf framleiðslu inn á netið samkvæmt samningi við RARIK.

Bilanir voru með minna móti og helgast það af góðri tíð. Þó urðu truflanir og tjón vegna ísingarveðurs sem gekk yfir Norður-Þingeyjarsýslu.







Stærsta framkvæmdin á Austurlandi var endurnýjun flutningslínunnar á milli Grímsárvirkjunar og aðveitustöðvarinnar að Eyvindará með jarðstreng. Plægðir voru samsíða þrír einfasa álstrengir alls 17,5 km. Verkið var boðið út og sáu starfsmenn RARIK á Austurlandi um gerð útboðsgagna. Alls buðu fjórir í verkið og var samið við Ljósverkja í Reykjavík sem var með lægsta boð.

Samhliða plægingu á flutningslínunni var dreifilínan þessa sömu leið á milli Grímsár og aðveitustöðvarinnar við Eyvindará endurnýjuð með jarðstreng þannig að allir sveitabæir á Völlum innan Egilsstaða að Grímsá hafa nú möguleika á þriggja fasa rafmagn. Lagt var rafmagn í ný hverfi á Neskaupstað, Eskifirði og Egilsstöðum. Nokkur þensla er nú á miðhluta Austurlands í tengslum við virkjunarframkvæmdir í Fljótsdal og byggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði.

Á Suðurlandi voru lagðir um 83 km af háspennustrengjum og jafnframt voru 39 km af loftlínunum teknir úr notkun. Að stórum hluta var þetta 20 km endurnýjun og þrífösun í Landeyjum og um 12 km í Flóa. Um 300 ný sumarhús voru tengd og vinna hafin við nokkur ný sumarhúsahverfi. Af öðrum verkefnum má nefna endurnýjun 36 kV rofa í Rimakoti og að hafin var bygging nýrrar aðveitustöðvar á Selfossi.

Skráðar rekstrartruflanir í kerfi RARIK voru 1.256 á árinu 2003 en voru um 1.330 að meðaltali árin undan (1998-2002). Truflun vegna viðhalds varð 551 sinni á árinu sem er einnig vel undir meðaltali síðustu ára. Fyrirvaralausum truflunum fjölgaði hins vegar nokkuð og urðu 706 og munar þar mestu um að eldingar herjuðu óvenju mikið á kerfi RARIK en þær ollu samtals 60 truflunum á árinu.

### Handbók RARIK og öryggismál

Handbók RARIK er byggð upp skv. ISO 9000 stöðlum með verklagsreglum og er staðsett á innra neti fyrirtækisins og opin og aðgengileg öllum starfsmönnum. Fram til þessa hefur megináherslan við uppbyggingu Handbókarinnar verið á öryggisþátt starfsmanna og almennings, búnaðar og orkuafhendingar. Öryggisstjórnun RARIK var tekin út af þriðja aðila á sínum tíma og staðfest af



Löggildingarstofu í lok ársins 2000. Staðfestingu Löggildingarstofu er fylgt eftir með tvennum hætti, annars vegar með viðhaldsskoðunum á stjórnuninni sjálfri og hins vegar með úrtaksskoðunum á nýframkvæmdum og virkjum í rekstri.

Í lok árs 2003 lauk fyrstu viðhaldsskoðun öryggisstjórnunarkerfisins. Markmið viðhaldsskoðana er að tryggja að fyrirtækið starfi samkvæmt þeirri öryggisstjórnun sem hefur verið viðurkennd. Viðhaldsskoðunin felur í sér að öryggisstjórnuninni samkvæmt Handbók RARIK er deilt upp í þrjá hluta og úttekt þeirra deilt á þrjú ár. Gerður er samningur við skoðunarstofu um verkefnið og var það Frumherji hf. sem tók að sér úttektina á Handbók RARIK að þessu sinni. Í lok ársins 2003 var síðasti hluti kerfisins tekinn út.


Niðurstöður úttekta eru annars vegar í formi skýrslna skoðunarstofu um þær athugasemdir sem gerðar eru og hins vegar í formi aðgerðaáætlana frá fyrirtækinu um hvernig brugðist verður við athugasemdunum. Athugasemdirnar eru þrjúþættar:

1. Almennar athugasemdir.
2. Athugasemdir sem krefjast áætlana um aðgerðir innan þriggja mánaða.
3. Athugasemdir sem krefjast tafarlausra aðgerða af hendi fyrirtækisins og/eða aðgerða innan mánaðar.

Í þessari fyrstu viðhaldsskoðun handbókarinnar voru gerðar samtals 13 athugasemdir, þar af sex í fyrsta flokki, fimm í öðrum flokki og tvær í þriðja flokki.

Úrtaksskoðanir virkja beinast að því að rýna skoðanir sem starfsmenn fyrirtækisins hafa gert á nýframkvæmdum og virkjum í rekstri og er það gert með því að skoða aftur ákveðið hundraðshlutfall virkja. Athugasemdum í úrtaksskoðunum er skipt í sömu flokka og athugasemdum viðhaldsskoðana, allt eftir alvarleika athugasemdarinnar.

Þar sem þessar skoðanir eru úrtaksskoðanir eru niðurstöðurnar ákveðin vísbending um að bæta þurfi verklag á þeim þáttum sem athugasemdir hafa verið gerðar um.



